



ÍSAFJARÐARBÆR

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Aðalstræti 92
450 Patreksfjörður

Ísafjörður, 3. júlí 2025
2025010152 EMG

Efni: Umsögn skipulagsfulltrúa

Eftirfarandi erindi barst frá Sýslumanninum á Vestfjörðum, 19.06.2025 þar sem umsagnar Ísafjarðarbæjar á umsókn Odds Andra Thomasson f.h. Vaikee ehf. vegna breytingar á gildandi rekstrarleyfi til veitingu veitinga í flokki II, A, að Austurvegi 1, Ísafirði.

Flokkur II, er umfangslitlir áfengisveitingastaðir þar sem starfsemin er ekki til þess fallin að valdaónæði í nágrenninu, svo sem með háværrri tónlist, og staðir sem kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu.

Tegund: A, Veitingastaður með fjölbreyttar veitingar í mat og drykk og fulla þjónustu. Í veitingahúsi skal vera starfandi maður með fullnægjandi þekkingu í framleiðslu.

Austurvegur 1, fastanr. 211-9161 matshluttí 0101 er skráð á byggingarstig 7, sem er fullgerð bygging. Húsið er á svæði sem skilgreint er sem miðsvæði í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Ákvæði skipulagsins fyrir miðsvæði eru eftirfarandi. Gert er ráð fyrir því að á svæðinu byggist upp þéttur og líflegur aðlaðandi kjarni með fjölbreyttri, verslun, þjónustu og íbúðum.

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar gerir ekki athugasemd við útveitingar svo framalega sem það hindrar ekki flóttaleiðir frá veitingastaðnum dags 20.06.2025.

Með vísan í ofangreint gerir skipulagsfulltrúi ekki athugasemd við breytingu á gildandi rekstrarleyfi.


ÍSAFJARÐARBÆR
Erla Margrét Gunnarsdóttir
Skipulags- og umhverfistulltrúi